

## Erindisbréf Starfshópur um breytingar á samþykktum SSNV

1.gr.

Í samræmi við tillögur starfshóps um framtíðarskipulag SSNV fól 2. haustþing samtakanna stjórn þeirra að skipa 3ja manna starfshóp. Starfshópurinn hefur það hlutverk að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum samtakanna í takt við þær breytingar á hlutverki samtakanna og kjörtíma stjórnar sem starfshópurinn um framtíðarskipulagið leggur til.

2.gr.

Skipa skal í hópinn svo í honum sitji:

- einn fulltrúi úr Skagafirði
- einn fulltrúi úr A-Húnavatnssýslu
- einn fulltrúi úr V-Húnavatnssýslu

3.gr.

Hlutverk starfshópsins er að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum samtakanna með tilliti til þeirra breytinga sem lagðar eru til í bókun stjórnskipulagsnefndar frá 2. Haustþingi SSNV:

*Starfshópur um framtíðarskipulag Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra leggur til að hlutverk samtakanna verði skilgreint með þeim hætti sem lagt er til í vinnu stjórnar frá því í mars 2018.*

### **Hlutverk samtakanna**

*Hlutverk samtakanna er að vinna að verkefnum sem sveitarfélögin eða löggjafinn fela þeim og hafa samvinnu um tiltekna málaflokka á grundvelli samninga við ríkið. Megin áhersla verði lögð á eftirfarandi verkefni:*

- 1. Greiningu og stefnumótun*
- 2. Hagsmunagæslu*
- 3. Þjónustuhlutverk*
- 4. Stuðla að samvinnu og auka þekkingu sveitarstjórnarmanna á starfssvæðinu*

### **Kjörtími stjórnar**

*Starfshópurinn leggur til að samþykktum samtakanna verði breytt á þann veg að í júní það ár sem sveitarstjórnarkosningar fara fram verði haldið aukaárþing þar sem fram fer kjör nýrrar stjórnar ásamt kynningu á starfsemi samtakanna fyrir nýja sveitarstjórnarmenn.*



*Skipaður skal starfshópur í kjölfar haustþings 2018 sem hefur það hlutverk að rýna samþykktir og fundarsköp samtakanna með tilliti til ofangreindra breytinga og leggja fram drög að breyttum samþykktum fyrir ársþing 2019. Í starfshópnum skulu sitja 3 aðilar, einn úr V-Hún, einn úr A-Hún og einn úr Skagafirði. Framkvæmdastjóri SSNV skal starfa með starfshópnum*

4.gr.

Framkvæmdastjóri SSNV kallar nefndina saman, starfar með hópnum, sér um að færa fundargerðir í tölvu og undirbúa fundi í samráði við starfshópinn. Hópurinn getur kallað til sín gesti á fundi ef þurfa þykir. Hópurinn hefur ekki heimild til að stofna til fjárútláta vegna starfa sinna nema með sérstöku samþykki stjórnar SSNV. Greitt er fyrir fundi skv. nefndartaxta SSNV. Starfsmenn sveitarfélaga fá þó ekki sérstaklega greitt fyrir fundarsetu á vinnutíma. Hafa skal sem viðmið að hópurinn fundi allt að þrisvar sinnum á starfstímanum. Heimilt er að halda fundi í rafrænum kerfum eða í síma.

Sauðárkróki 6. nóvember 2017